

Kynning fyrir Öldungaráð Reykjavíkur

8.Nóvember 2023

Bergrind Magnúsdóttir,
verkefnastjóri Gott að eldast



Berglind Magnúsdóttir, verkefnastjóri verkefnastjórnar

Vekefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk

26.Október 2022

Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Gott að eldast



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið



Gott 
að eldast

Áskorun stjórnvalda

- Fjölgun eldra fólks í þjónustu
- Takmarkaður mannaður

Ung þjóð en ...

- Hlutfall 67+ ára eru 13% eða **47.000 einstaklingar**
- Tæp 20% árið 2050 eða rúmlega **90.000 einstaklingar**



Tvöfalda fjölda hjúkrunarrýma

3.021 rými árið 2023

Kostnaður árið 2023 **52** ma.kr

Kostnaður árið 2043 **167** ma.kr

7.708 rými árið 2043





Samþykkt 10.maí 2023

| Gott að eldast: Eldra fólk er virði en ekki byrði



Eldra fólk er virði en ekki byrði: Frá blaðamannafundinum í Ráðherrabústaðnum.

Eldra fólk leggur mikið til samfélagsins og mikilvægt er að stuðla að auknu heilbrigði þessa hóps. Þetta sýnir kostnaðar- og ábatagreiðing sem KPMG hefur unnið fyrir stjórnvöld vegna heildarendurskoðunar.



Efnisyfirlit

Inngangur.....

Aðgerðaáætlun.....

A. Samþætting.....

A.1 Þróunarverkefni um samþætta heimaþjónustu.....

A.2 Heima-endurhæfingarteymi.....

A.3 Efling og þróun dagdvalar.....

A.4 Þróunarverkefni stuttinnlagna.....

A.5 Samræmt matstæki og aðgengi að upplýsingum milli þjónustuaðila.....

A.6 Ein gátt fyrir allar beiðnir fagfólks um heimaþjónustu og dagdvöl.....

A.7 Öryggiskerfi og aukið samstarf við heimaþjónustu.....

B. Virkni.....

B.1 Alhliða heilsuefling.....

B.2 Upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta og sérhæfður stuðningur fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þess.....

B.3 Efld öldrunarráðgjöf.....

C. Upplýsing.....

C.1 Vitundarvakning um heilbrigða öldrun.....

C.2 Efling upplýsinga, rannsókna, nýsköpunar og þróunar í þjónustu við eldra fólk.....

C.3 Ein upplýsingagátt fyrir allt landið varðandi upplýsingar um þjónustu við eldra fólk og réttindi þess.....

C.4 Upplýst starfsfólk.....

D. Þróun.....

D.1 Endurskoðun laga og bráðabirgðaákvæði vegna þróunarverkefna.....

D.2 Miðstöð velferðartæknilausna og notkunar hjálpartækja.....

E. Heimili.....


E.1 Opinber skilgreining á húsnæði fyrir eldra fólk.....

E.2 Nýjungar í búsetufyrirkomulagi eldra fólks.....

E.3 Húsnæðisstuðningur vegna breytinga á heimilum eldra fólks.....

SAFNA ORÐUM

Gott að elska



Virði en ekki byrði

Gott að elda



Verkefni ▾

Líf og heilsa ▾

Öldrunarmál ▾

Gott að eldast

FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐUNEYTIÐ

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Gott að eldast

Aldurssamsetning þjóðarinnar breytist nú hratt. Eldra fólk lifir lengur en áður og er virkara og hraustara en nokkru sinni fyrr. Þjónusta við eldra fólk þarf að þróast í takt við þetta. Sú vegferð er nú hafin undir heitinu **Gott að eldast**. Stjórnvöld taka þar utan um málefni eldra fólks með nýjum hætti.

Grunnhugsunin er sú að eldra fólk er ekki byrði á samfélaginu heldur hefur það ótvírætt virði.

FRÉTTIR



FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐUNEYTIÐ, HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Gott að eldast: Sex heilbrigðisstofnanir og 22 sveitarfélög taka þátt í þróunarverkefnum

10.10.2023



FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐUNEYTIÐ

Niðurstöður könnunar á einangrun og einmanaleika eldra fólks eftir uppruna

Efnisyfirlit

AÐGERÐAÁÆTLUN 2023-2027


HVAÐ ER GOTT AÐ ELDAST?

GAGNVIRKT MÆLABORÐ


ÞRÓUNARVERKEFNI



Mannfjöldi og aldurssamsetning



v/lok tímab.



Sambætta heimahjúkrun og heimapjónusta sveitarfélag



Gott
að eldast

Förum alla leið

Samþætt þjónusta í heimahúsum

Viljið þið vera þátttakendur í þróunarverkefni um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk?

Spennandi tilraunaverkefni eru að hefjast, sjá gottadeldast.is

Gott 
að eldast



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

A. Samþætting

Aðgerðir samþættingar stuðli að skilgreindri samþættri félags- og heilbrigðisþjónustu sem ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á og veitt verði fólki sem býr í heimahúsi. Lögð verði áhersla á að íbúar upplifi að þjónustuúrræði styðji við búsetu þeirra heima og að hægt verði að treysta á að eitt þjónustuúrræði taki við af öðru þegar þjónustupörf eykst. Prófaðar verði mismunandi leiðir fyrir mismunandi þjónustusvæði til samþættingar með þróunarverkefnum og verði þau svæði svokallaðir undanfarar.

A. Samþætting

A.1 Próunarverkefni um samþætta heimþjónustu

Á árinu 2023 hefst skilgreind þróunarverkefni á 4-6 svæðum á landinu þar sem félags- og heilbrigðisþjónusta sem veitt er eldra fólki í heimahúsi er samþætt, undir sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn. Samhliða þróunarverkefnum verð markvisst innleidd velferðartækni.

Markmið aðgerðarinnar verði að eldra fólk fái markvissa og samfellda þjónustu heim samkvæmt faglegu mati. Fyrir líæri niðurstöður úr þróunarverkefnum frá fjórum svæðum

Heimþjónusta

Heimahjúkrun

Ríkið

- Sérhæfð hjúkrunarmeðferð
- Mat og eftirlit með heilsufari og aðstæðum



Heimastuðningur

Sveitarfélög

- Stuðningur við;
 - Athafnir daglegs lífs
 - Heimilishald
 - Félagslegur stuðningur
- Heimsendur matur

Sex heilbrigðisstofnanir og 22 sveitarfélög

Sveitarfélögin Fjarðabyggð og Múlaþing og Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA)

Annars vegar sveitarfélagið Árborg og hins vegar Hveragerðisbær og Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU)


Annars vegar Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (tíu sveitarfélög) og hins vegar sveitarfélagið Húnaþing vestra og Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE)

Sveitarfélagið Mosfellsbær og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis (HH)

Sveitarfélögin Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST)


Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð og Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN)

Sex svæði hafa verið valin til þátttöku í þróunarverkefnum




- Vesturland og Húnaþing vestra
- Vestfirðir
- Dalvíkurbyggð

Þjónustan í dag



Framtíðarsýn



C.3 Ein upplýsingagátt fyrir allt landið varðandi upplýsingar um þjónustu við eldra fólk og réttindi þess

Að hægt verði að nálgast með einföldum hætti upplýsingar, viðeigandi umsóknareyðublöð og almenna ráðgjöf um allt það sem varðar þjónustu við eldra fólk, bæði félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Hægt verði að nota netspjall eða símtal gerist þess þörf.

Lýsing: Í samstarfi við Island.is verði unnið að þróunarverkefni til þriggja ára um upp-lýsinga- og ráðgjafargátt fyrir allt landið með upplýsingum um þjónustu við eldra fólk og réttindi þess. Þar verði hægt að nálgast eftir póstnúmerum upplýsingar og umsóknareyðublöð, en auk þess verði hægt að fá almenna ráðgjöf varðandi réttindi og þjónustu.

Byrjað verði með tvo ráðgjafa sem sinni almennri ráðgjöf. Ráðgjafarnir verði í sambandi við aðra aðila, svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustuna. Samhliða ráðgjöfinni verði gögnum safnað um helstu atriði sem eldra fólk og aðstandendur þess þurfa ráðgjöf um og stuðning við. Á grunni þeirra upplýsinga sem safnað verði gegnum ráðgjöfina verði lagt mat á framtíðarskipulag ráðgjafar/hagsmunagæslu fyrir eldra fólk.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2024–2027.

- Upplýsingar um almenna og lögbundna þjónustu fyrir eldra fólk
- Ráðgjafagátt með netspjalli eða símtali
- Söfnun upplýsinga um hvað er gert vel og hvað má betur fara
- Samræmi á orð notkun á vefsíðum
- Samræmi á uppsetningu á vefsíðum
- Ein leið fyrir umsóknir um þjónustu hjá ríki og sveitarfélögum.



A.5 Samræmt matstæki og aðgengi að upplýsingum milli þjónustuaðila

Tekið verði upp á landsvísu eitt samræmt matstæki til að meta þörf eldra fólks fyrir heimaþjónustu á hverju svæði fyrir sig. Upplýsingar sem varða þjónustu verði aðgengilegar þeim sem málið varðar með tilliti til þess að veita þjónustu.

Lýsing:

- Gert verði mat á því hvort og þá hvaða mælitæki InterRAI henti til innleiðingar fyrir þjónustu sem veitt er fólki í heimahúsi þannig að hægt verði að leggja heildstætt og samræmt mat á þörf fyrir heimaþjónustu á hverju svæði fyrir sig. Gerð verði úttekt á mælitækinu sem segi til um gagnsemi mælitækisins, möguleikum til þróunar þess og þjónustu rekstrarleyfishafa við notendur tækisins áður en til innleiðingar kemur.
- Gert verði mat á því hvort hægt sé að kalla sérstaklega fram sömu mælikvarða og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) notar fyrir heilbrigða öldrun og ef ekki, hvernig hægt væri að safna þeim upplýsingum.
- Gert verði mat á því hvernig hægt sé að skrá umönnunar-ábyrgð og umönnunarbyrði aðstandenda þannig að ólaunað framlag sé dregið fram.
- Unnið verði að lausn á því að upplýsingar sem skráðar eru af heimahjúkrun í heilbrigðisgrunn og skipta máli varðandi framgang þjónustunnar geti flætt yfir í upplýsingagrunn félagslegrar heimaþjónustu og öfugt.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.
Tímabil: 2023-2025.

Þörf fyrir nýtt matstæki

- Samræmt matstæki á landsvísu sem metur þörf fyrir þjónustu.
- Einstaklingur metur sjálfur getu sína.
- Styður við samþætta heimaþjónustu.
- Mælitæki sem tilheyrir ekki einni fagstétt.
- Betri nýting á vinnutíma starfsfólks.
- Nýtt upphaf innleiðingar á matstæki- samþætt heimaþjónusta.

B.1 Alhliða heilsuefning

Aðgengi eldra fólks að alhliða heilsuefningu, það er andlegri, félagslegri og líkamlegri, verði tryggt um land allt og að unnið verði eftir áherslum WHO varðandi áratug heilbrigðrar öldrunar.

Lýsing:

- Upplýsingar um alla virkni, hreyfingu, félagsstarf, sjálfbærliðastarf og annað sem flokkast getur undir alhliða heilsuefningu, verði aðgengilegt á Ísland.is.
- Í samvinnu við sveitarfélög og heilsugæslu verði skoðað hvernig hægt sé að efla enn frekar þjónustumiðstöðvar sem vettvang alhliða heilsuefningar og tengja þær betur við heimaþjónustu.
- Notaður verði þekkingarvefurinn Heilsuvera þar sem þróað verði sjálfsmat þar sem viðkomandi geti fylgst með heilsu sinni og fengið leiðbeiningar um heilsuefndi aðgerðir út frá niðurstöðu matsins.
- Ákvarðað verði hvar starfshópur áratugar heilbrigðrar öldrunar skuli staðsettur innan stjórnsýslunnar. Gerð verði skilgreining á verkefni starfshóps, ábyrgð og skipun hópsins.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Tímabil: 2023–2024.

Gott 
að eldast

Fjöldi umsókna fjallaði um heilsuefningu



Hafnarfjörður



GARÐABÆR



VELFERÐARSVIÐ

C.1 Vitundarvakning um heilbrigða öldrun

Dregið verði úr félagslegri einangrun og aldursfordómum og þekking aukin meðal almennings á mikilvægi alhliða heilsueflingar, samveru og samskipta milli kynslóða ásamt því að vekja fólk til umhugsunar um hvernig það geti sem best tryggt sér farsælt líf á efri árum.

Lýsing:

- Unnið verði að kynningarátaki á Ísland.is sem upplýsingamiðju fyrir upplýsingar um þjónustu við eldra fólk. Auk þess verði farið í vitundarvakningarátak með notkun kynningar-myndbanda, auglýsinga og fyrirlestra þar sem gagnlegum og gagnreyndum upplýsingum verði komið á framfæri til almennings með áherslu á forvarngildi og lýðheilsu.
- Í tengslum við áratug heilbrigðrar öldrunar verði undirbúinn árlegur dagur til að draga athyglina að mikilvægi þátttöku eldra fólks.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Tímabil: 2023-2027.

Vitundarvakning

„Að draga úr félagslegri einangrun, aldursfordómum og auka þekkingu meðal almennings á mikilvægi alhliða heilsueflingar, samveru og samskipta milli kynslóða ásamt því að vekja fólk til umhugsunar um hvernig það geti sem best tryggt sér farsælt líf á efri árum.“

B.2 Upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta og sérhæfður stuðningur fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þess

Fólk með heilabilun og aðstandendur þess um land allt hafi aðgang að sérhæfðum stuðningi og standi til boða almenn upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta.

Lýsing:

- Tryggt verði aðgengi að sérhæfðum stuðningi fyrir allt landið með því að ráðnir verði þeir ráðgjafar með góða þekkingu á heilabilun. Viðræður fari fram við hagaðila um staðsetningu þeirra og starfsstað.
- Gerður verði samningur til þriggja ára um rekstur upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu með síma- og netspjalli fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þess. Með samningnum verði veitt fjármagn til að kosta einn ráðgjafa allan samnings- tímann. Sú þekking sem fæst á tímabilinu verði notuð til að efla sérhæfðari ráðgjöf sem sveitarfélög/heilsugæsla geta veitt í nærumhverfi.

Abyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Tímabil: 2023–2025.

a. Hluta lokið

A.2 Heima- endurhæfingarteymi

Til að styðja við þróunarverkefni um sambættingu félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu undir sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn verði stöðugildi fjármagnað til að koma á fót heima-endurhæfingarteymi á hverju svæði sem þátt tekur í verkefninu.

Markmið aðgerðar verði að hvert þáttökusvæði hafi tækifæri til að fullreyna aðkomu heima-endurhæfingarteymis í allt að þrjá mánuði áður en til hefðbundinnar heimaþjónustu kemur.

Lýsing: Í upphafi þróunarverkefna verði unnið með svæðunum að því að ákveða hvernig best verði að stofna heima-endurhæfingarteymi sem verði að jafnaði fyrsta val í þjónustuveitingu til stærsta hluta þeirra sem sótt er um heimaþjónustu fyrir.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Tímabil: 2024–2027.

Aðgerðir sem styðja við sambættingu

D.2 Miðstöð velferðar- tæknilausna og notkunar hjálpartækja

Að hlutur velferðartækni í allri þjónustu sem veitt er eldra fólki verði aukinn og innleitt það verklag að nauðsynleg hjálpartæki séu sett upp við upphaf heimaþjónustu.

Lýsing: Starfshópi sem skipaður verði hluteigandi aðilum verði falið að gera lýsingu á hlutverki miðstöðvar um velferðar tækni, leggja mat á staðsetningu slíkrar starfsemi og leiðir til að tengja notkun hjálpartækja við miðstöðina.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Tímabil: 2023–2024.

A.7 Öryggiskerfi og aukið samstarf við heimaþjónustu

Hæklað verði hlutfall þeirra sem hafa aðgang að niðurgreiddu öryggiskerfi (t.d. öryggishnappi) og aukin samvinna milli sveitarfélaga og þeirra sem þjónusta öryggiskerfi.

Lýsing: Skoðað verði hvernig hægt sé að nýta öryggishnappa eða önnur öryggiskerfi fyrir eldra fólk sem þjónustuúrræði innan heimaþjónustu, sem og hvernig hægt sé að tengja þjónustuaðila öryggiskerfa betur við félags- og heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heimilum eldra fólks. Horft verði til reynslu annarra landa.

Abyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2024–2025.

Um aðgerð A.7

Öryggiskerfi hafa mjög rutt sér til rúms sem eitt af þeim tækjum sem nýtt eru í þjónustu við eldra fólk. Hingað til hafa hér á landi ekki verið mikil tengsl milli þjónustuaðila slíkra kerfa og þeirra sem veita heimaþjónustu. Markmið verkefnisins er að fjölga þeim sem nota slíka þjónustu og tengja hana við önnur þjónustukerfi svo að þjónustan verði árangursríkari og hluti af samþættri þjónustu. Gæta þarf sérstaklega að þeim þáttum sem snúa að persónu-vernd vegna notkunar slíkrar þjónustu. Mikilvægt er að við upphaf þjónustu inni á heimili eldra fólks sé metið hvort öryggiskerfi sé nauðsynlegt og hvernig megi samnýta þá þjónustu sem þar býst og þjónustu sem kemur frá öðrum kerfum.

A.3 Efling og þróun dagdvalar

Fleiri eigi kost á þjónustu dagdvala með áherslu á skilgreint og öflugt samstarf á milli dagdvala og heimaþjónustu.

Markmið aðgerðarinnar verði að fresta sem lengst þörf fyrir dvöl á hjúkrunarheimili með því að aðlaga þjónustu dagdvala þannig að hún komi betur til móts við þarfir eldra fólks sem býr heima og fjölskyldur þess. Auk þess að skýrara sé fyrir hverja úrræðið er og hverju það eigi að skila og að við lok tímabils verði minnst 100 dagdvalaryrmi sem flokkast sem sveigjanleg dagdvalaryrmi.

Lýsing:

- Skilgreint hlutverk og markmið dagdvala verði endurskoðað með áherslu á að úrræði styðji betur við þarfir fólks sem býr heima.
- Greind verði áætluð þörf fyrir dagdvöl og þörf á sveigjanlegri opnunartíma dagdvala. Á grunni greininganna verði unnið að gerð samninga um sveigjanlegar dagdvalir um land allt, bæði í almennum og sérhæfðum dagdvölum fyrir fólk með heilabílan.
- Skilgreind verði viðmið um fjölda dagdvalaryrma á landsvísu og greiðsluþátttöku gesta.
- Lagt verði mat á hvaða matstæki eigi að nota til að meta þörf eldra fólks fyrir dagdvöl, meta framvindu og hvernig forgangi skuli háttað.

Abyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.
Tímabil: 2023–2026.

B.3 Efling öldrunarráðgjöf

Eldra fólk búi við þær aðstæður að geta sem allra lengst haldið virkni sinni heima við með því að tryggja að til staðar séu öldrunarráðgjafar sem starfi með einstaklingum sem þurfa á umfangsmikilli þjónustu að halda og fjölskyldum þeirra og að skilgreindir málstjórar/þjónustustjórar séu til að reka mál viðkomandi.

Lýsing:

- Unnið verði í samstarfi við hluteigandi aðila að skilgreiningu á því hvað felist í öldrunarráðgjöf og verklagi um hvernig tryggja megi að um land allt sé aðgengi að öldrunarráðgjöf.
- Unnið verði í samstarfi við hluteigandi aðila að skilgreiningu á því hvenær, hvar og hvernig málstjórahlutverk heilsugæslu eða sveitarfélags virkjust.
- Unnið verði að verkefni þar sem samvinna milli félagsráðgjafa spítala og öldrunarráðgjafa sem starfa við heimaþjónustu verði efling og unnið verði að skilgreiningum á abyrgð hvers og eins.

Abyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2023–2027.

Því það á að vera...

Gott 
að eldast